

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 117/1996.

Ákærvaldið(Björn Helgason saksóknari)
gegn**Þorsteini Baldvin Ragnarssyni**

(Stefán Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Sönnun. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1996. Um áfrýjunarheimild er vísað til 148. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 8. gr. laga nr. 37/1994. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði svo og áfrýjunarkostnaðar málsins.

Ákærði krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Niðurstaða héraðsdómara um það, að ákærði eigi að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins, byggist á mati hans á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Kemur slík niðurstaða ekki til endurmats fyrir Hæstarétti, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 og 19. gr. laga nr. 37/1994.

Þær ályktanir, sem héraðsdómari dregur af munnlegum framburði þeirra, sem komið hafa fyrir dóm, orka mjög tvímælis. Er þörf á, að sönnunarfærsla fari fram að nýju fyrir héraðsdómi, sem verði skipaður þremur dómurum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991. Verður samkvæmt þessu ekki hjá því komist að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu til héraðsdóms, svo að munnleg sönnunarfærsla og dómsálagning geti farið þar fram að nýju. Verður allur áfrýjunarkostnaður málsins lagður á ríkissjóð, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi um annað en sakarkostnað. Er málinu vísað til héraðsdóms til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, Þorsteins Baldvins Ragnarssonar, fyrir Hæstarétti, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 26. janúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 26. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-479/1995: Ákærvaldið gegn Þorsteini Baldvín Ragnarssyni.

I.

Málið, sem þingfest var 3. þ. m., en tekið til dóms hinn 15., er höfðað með svofelldri ákæru sýslumannsins á Seyðisfirði, dagsettri 28. desember sl.: „... á hendur Þorsteini Baldvín Ragnarssyni, Hammerstadsgate 21, Osló, Noregi, kt. 280575-6079, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 17. desember 1995 á Lagarási á móts við „Kleinuna“, Egilsstöðum, slegið Kára Sveinbjörn Gunnarsson, kt. 231078-3719, í andlit með brotinni flösku með þeim afleiðingum, að hann hlaut djúpan 4,5 cm langan skurð á hægri kinn, rétt neðan við auga, sem þurfti að sauma með 13 sporum, lítinn skurð hægra megin á enni og rispu og bólgu á nefi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði ákærða hefur hann ekki gerst sekur um ofbeldisbrot.

Vitni að málsatvikum eru vinir og kunningjar bæði kæranda og ákærða, sem þekktust vel. Vitni bera, að afleiðingar átakanna hafi komið þeim mjög á óvart. Ekkert verður fullyrt af framburði vitna um tilefni átakanna milli ákærða og kæranda. Ætla má, að bæði kærandi og ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis og ákærði þó nokkru meira. Virðist þá sem ákærði hafi viðhaft einhver þau orð um líkamsburði kæranda, sem kæranda hafi mislíkað, og þeir í framhaldi tekist eitthvað á. Má jafnvel ætla, að stimpingar hafi í

byrjun verið meira í gamni en alvöru, en þær urðu þó til þess, að ákærði féll í götuna og kærandi settist klofvega ofan á hann.

Af framburði kæranda og vitnisins Stefáns Þórs má telja, að ákærði hafi haft orð á því, að hann gæti slegið flöskunni í kæranda, áður en kærandi meiddist. Hins vegar verður að líta til þess, að kærandi hafði undirtökin og vildi ekki losa um tök sín á ákærða, sem lá á akbraut. Eitthvað var af áfengi í flöskunni, áður en hún brotnaði. Af þeim framburði, sem rakinn hefur verið, má ætla, að botn flöskunnar hafi brotnað, áður en flaskan fór í andlit kæranda. Virðist raunar sem flaskan kunni að hafa brotnað fyrir tilverknad kæranda, sem skv. framburði vitna virðist hafa verið nokkuð æstur.

Ekki þarf mikið út af að bera, til að brotin flaska valdi tjóni. Þegar höfð er í huga sú aðstaða, sem ákærði var í, er flaskan brotnaði, verður tæplega rengd sú skýring ákærða, að hann hafi ekki vitað, að flaskan var brotin, áður en hún fór í andlit kæranda. Af framburði vitna, sérstaklega Gísla Baldurssonar lækni, verður ekki fullyrt, að ákærði hafi rekið flöskuna með afli í andlit kæranda, þó að um eitthvert högg hafi verið að ræða. Samkvæmt framansögðu verður ekki heldur með öruggum hætti vefngd sú fullyrðing ákærða, að hann hafi viljað færa flöskuna frá, áður en hann reyndi að losna úr tókum kæranda, en rekið brotna flöskuna óvart í andlit kæranda, sem hélt ákærða í tókum á jörðinni og grúfði sig yfir hann.

Verknaður unninn af gáleysi, hversu stórfellt sem gáleysið kann að vera, verður ekki heimfærður undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og gert er í ákæru. Samkvæmt framansögðu og gegn eindreginni neitun ákærða og með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála telst óvarlegt að fullyrða, að ákærði hafi með ásetningi slegið kæranda í andlitið með brotinni flösku, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Skal ákærði því sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins.

Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal ríkissjóður bera allan kostnað af rekstri málsins, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla M. Auðbergssonar lögfræðings, sem ákveðast hæfileg 55.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Baldvin Ragnarsson, er sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður fellur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla M. Auðbergssonar lögfræðings, 55.000 krónur.